

Fréttir af markaði

Alls námu heildarútlán Íbúðalánasjóðs rúmlega 6,4 milljörðum króna í október. Þar af voru tæplega 4,7 milljarðar vegna almennra lána og tæpir 1,7 milljarðar vegna leiguíbúðalána. Heildarútlán sjóðsins á árinu nema rúmum 53,7 milljörðum samanborið við 55,8 milljarða á fyrstu 10 mánuðum ársins 2007. Meðalútlán almennra lána námu um 11,7 milljónum króna í október og jukust lítillega frá fyrra mánuði eða um 3,5%.

Þann 6. október samþykkti Alþingi lög sem veita Íbúðalánasjóði heimild til að yfirtaka íbúðaveðlán fjármálfyrirtækja. Heimildin á við um erlend og innlend lán og gildir án tillits til upphæðar eða veðsetningar húsnæðis. Verði lánin yfirtekin munu reglur Íbúðalánasjóðs um greiðsluferðleikamál gilda um þessi lán sem önnur lán sjóðsins. Fjármálfyrirtæki sem óska þess að Íbúðalánasjóður yfirtaki lánin munu sjálf þurfa að leggja inn umsókn hjá sjóðnum þess efnis.


Þennan sama dag, eða þann 6. október, tilkynnti matsfyrirtækið Standard & Poor's að það hefði lækkað láns hæfismat Íbúðalánasjóðs vegna langtímaskuldbindinga í íslenskum krónum í 'BBB' úr 'A+'. Jafnframt var láns hæfiseinkunn vegna langtímaskuldbindinga í erlendri mynt lækkuð í 'BBB' úr 'A-'.

Matsfyrirtækið Moody's greindi svo frá því tveimur dögum síðar, eða þann 8. október, að það hefði lækkað láns hæfismat Íbúðalánasjóðs í A1 úr Aa1. Láns hæfismatið er áfram á athugasemdarlista til mögulegrar lækkunar. Lækkun á láns hæfismati Íbúðalánasjóðs er gerð í kjölfar lækkunar á láns hæfismati ríkissjóðs Íslands.

Þann 15. október var tilkynnt að félags- og tryggingamálaráðherra hefði með reglugerðarbreytingu rýmkað heimildir Íbúðalánasjóðs til að koma til móts við lántakendur sem lenda í greiðsluvanda. Íbúðalánasjóður hefur jafnframt mildað innheimtuaðgerðir stofnunarinnar með tilliti til ástands efnahagsmála. Frestur frá gjalddaga til sendingar greiðsluáskorunar verður framvegis fjórir til fjórir og hálfur mánuður frá elsta ógreidda gjalddaga í stað tveggja til tveggja og hálfis mánaðar áður. Heimilt er að afturkalla nauðungarsölu gegn greiðslu þriðjungs vanskila í stað helmingis vanskila áður og rýmingarferli uppboðsíbúða hefur verið lengt úr einum í þrjá mánuði.

Heildarvelta íbúðabréfa í október nam rúmum 162 milljörðum króna og dróst saman um 40% frá fyrra mánuði. Heildarvelta bréfanna nemur um 2278 milljörðum króna það sem af er árinu 2008.


Greiðslur Íbúðalánasjóðs námu tæplega 5,7 milljörðum króna í október og voru afborganir íbúðabréfa stærsti hluti þeirra eða ríflega 5,3 milljarðar króna.




Flokkur	Ágú. 2008	Sept. 2008	Ok. 2008	Meðal líftími	Nafn verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	5,03%	3,34%	3,00%	2,9	71,8	53,0
HFF24	4,66%	3,64%	4,08%	7,1	148,7	125,9
HFF34	4,34%	3,71%	3,93%	10,5	143,8	134,7
HFF44	4,18%	3,67%	3,90%	13,8	219,8	214,3

*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar.
Meðal líftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok október '08.
Af heildarútgáfu nafnverðs eru 7,2 ma. króna í HFF14, 7,2 ma. króna í HFF24 7,2 ma. í flokki HFF34 og HFF44 sem tilheyra lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.

Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma. ISK)



Vextir Íbúðalánasjóðs 2004 - 2008




Útboð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2008				
Í milljörðum króna	Áætlun Q4	Raun Q4	Áætlun 2008	Raun jan-okt 2008
Útgáfa íbúðabréfa	14-16	0,0	47-51	34,3
Samtals ný útlán ÍLS	17-19	6,4	60-64	53,7
Greiðslur ÍLS	13-15	5,7	49-53	43,7

Endurskoðuð áætlun 2008					
Í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q	Alls 2008
Útgáfa íbúðabréfa	0	16	17-19	14-16	47-51
Ný útlán ÍLS	11	14	18-20	17-19	60-64
Greiðslur ÍLS	12	13	11-13	13-15	49-53

Mánaðarleg heildarútlán Íbúðalánasjóðs



Útboð íbúðabréfa

